

# Öryggisblað (MSDS)

Reglug. 866/2012 og 1272/2008/EB (CLP), rg. 750/2008 (REACH).



## 1. Söluheiti efnis eða vörutegundar og notkun. Upplýsingar um seljanda, gerð öryggisblaða, útgáfudag og neyðarsímanúmer.

Söluheiti vöru: **G150, Hot Rims Brake Dust Blocker (23-73A)**

Vörunúmer: G15010.

Notkun: Viðhald bifreiða.

Fyrirtæki: MÁLNINGARVÖRUR ehf., Lágmúla 9, 108 Reykjavík, sími 581 4200  
[www.malningarvorur.is](http://www.malningarvorur.is)

Tengiliður: kristjanj@malningarvorur.is

Gerð öryggisblaða: EFNAVERND ehf., Reykjavík, sími 588 8130, <http://efnavernd.is>

Útgáfudagsetning: 04.09.2013

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eiturefnaðistöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

## 2. Hættugreining.

Helstu hættur: Afar eldfimt.  
Ertir augu. Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.  
Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Aðrar hættur: Þrýstihylki geta sprungið ef þau hitna yfir 50°C.  
Innöndun gufu eða úða í eitt skipti yfir mengunarmörkum getur mögulega valdið hjartsláttartruflunum, máttleysi og verk fyrir brjósti og getur leitt til dauða.

Gerð vöru: Blanda, vökvi í þrýstihylki.

**Flokkun og umbúðamerkingar skv. rg. 236/1990 og 750/2008 (REACH):**



Hættumerki: Fx, Xi

Innihaldsefni: Aseton

Hættusetningar: H36 Ertir augu.  
H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.  
H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Varnaðarsetningar: V16 Haldið frá hita- og neistagiöfum - Reykingar bannaðar.  
V23 Varist innöndun gufu/ryks.  
V26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.  
V45 Leitið umsvifalaust læknis ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er.

V51 Má aðeins nota á vel loftræstum stað.  
(V2) GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

*Viðbótarmerkingar:* Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi og hita yfir 50°C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm. Úðið ekki á eld eða glóandi hluti.

**Flokkun og umbúðamerkingar skv. rg. (EB) 1272/2008 (CLP):**

**Flokkun:** -

**Umbúðamerkingar:**

*Hættumerki:* -

*Viðvörðunarorð:* -

*Innihaldsefni:* -

*H - setningar:* -

*P - setningar:* -

*Viðbótarupplýsingar:* -

*Takmarkanir á notkun:* -

**Athugið:** Umbúðamerkingar skulu vera skv. rg. (EB) 1272/2008 (CLP) eða rg. 236/1990 og 750/2008 (REACH).

**3. Samsetning / upplýsingar um innihaldsefni.**

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnæheiti:	Magn %:	Hættuflokkun:
106-97-8	203-448-7	Bútan	10 - 30	Fx H12
74-98-6	200-827-9	Própan	10 - 30	Fx H12
67-64-1	200-662-2	Aseton	10 - 30	F, Xi H11-36-66-67
107-46-0	-	Hexametydísiloxan	10 - 30	-
1569-01-3	-	1-própoxy-2-própanól	7 - 13	-
64742-89-8	265-192-2	Leysibensín (úr jarðolíu), létt, alifatískt	1 - 5	T H45-65
Framleiðsluleynd	-	Akrýlfjölliður	1 - 5	-
67-63-0	200-661-7	Própan-2-ól	1 - 5	F, Xi H11-36-67
108-65-6	203-603-9	2-metoxý-1-metýletýlasetat	1 - 5	Xi H10-36
10215-30-2	-	2-própoxy-1-própanól	0,5 - 1,5	-

**Varnaðarmerkingar - sjá lið 2 eða 15.**

**Texti allra hættusetninga - sjá lið 16.**

**4. Skyndihjálp.**

*Áhrif, eitrunareinkenni:* Sjá kafla 11.

*Við innöndun:* Tryggið hreint loft. Leitið strax lækni.

<i>Snerting við húð:</i>	Þvoið húðina vel með nægu vatni og sápu. Leitið lækni ef óþægindi koma fram.
<i>Snerting við augu:</i>	Skolið strax vel með nægu vatni eða augnskolunarlausn í a.m.k. 15 mínútur með augað vel opið. Leitið strax lækni.
<i>Við inntöku:</i>	Framkallið EKKI uppköst nema að ráði lækni. Gefið slasaða 2 glös af vatni að drekka. Reynið aldrei að gefa meðvitundarlausum einstaklingi vökva eða fæðu. Leitið lækni.

*Uppl. f. heilbrigðisstarfsfólk:*

Útsetning getur valdið óstöðugleika í hjartavöðva. Gefið ekki sympathomimetic lyf nema það sé algerlega nauðsynlegt.

**5. Viðbrögð við eldsvoða.**

<i>Viðbrögð:</i>	Kælið lokaðar umbúðir með efninu á hættusvæðinu með vatnsúða.
<i>Slökkviefni/búnaður:</i>	Slökkviefni í flokki B, t.d. þurrefni, kolsýra.
<i>Notið ekki (efni, búnað):</i>	-
<i>Hlíðarbúnaður:</i>	Notið fullan hlífðarbúnað og ferskloftstæki við slökkvistörf.
<i>Sérstök hættu:</i>	Þrýstihylki. Afar eldfimur vökvi og úði/gufa. Þrýstihylki geta sprungið ef þau hitna yfir 50°C.

**6. Efnaleki.**

<i>Varúðarráðstafanir:</i>	Haldið óviðkomandi frá hættusvæðinu. Fjarlægjið allt sem valdið getur íkveikju og loftræstið svæðið. Notið aðeins neista- og sprengivarin áhöld og tæki. Notið vélræna loftræstingu og/eða frásög á lokuðu rými og ef leki er mikill. Athugið að vélar og rafmótorar geta kveikt í eldfimum gufum og gasi og valdið eldsvoða eða sprengingu. Lokið lekum umbúðum ef hægt er. Setjið lekar umbúðir á vel loftræst svæði, helst í stinkskáp með frásogi eða utandyra á ógegndræpt undirlag. Lesið aðra kafla öryggisblaðsins fyrir upplýsingar um hættur, loftræstingu, öndunartæki og aðrar persónuhlífar.
<i>Umhverfið:</i>	Ef leki er mikil skal loka niðurföllum og hemja lekann með stíflugörðum til að hindra að efnið berist í holræsakerfi eða vatn í umhverfinu. Fargið tómunum og sprungnum dósnum og úrgangi ein fljótt og auðið er.
<i>Hreinsun:</i>	Hyljið mengaða svæðið með slökkvifroðu; mælt er með forðu sem myndar vatnsfilmu (AFFF). Notið sand, jarðveg eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til endurvinnslu eða förgunar. Byrjið í jöðrum lekans og vinnið inn á við. Blandið nægu ísogsefni við þar til efnið lítur út fyrir að vera þurrt. Hreinsið efnið upp með neistafríum áhöldum. Lokið ílátinu. Ef umtalsvert magn berst út í umhverfið þarf að láta viðkomandi yfirvöld vita.
<i>Tilvísanir í aðra liði:</i>	-

**7. Meðhöndlun og geymsla.**

<i>Meðhöndlun:</i>	Forðist innöndun gufu eða ryks og snertingu við húð og augu. Haldið efninu frá hita, opnum eldi og neistagjöfum. Þrýstihylkið inniheldur eldfimt gas undir þrýstingi. Hlífið við sólarljósi og hita yfir 50°C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm. Úðið ekki á eld eða glóandi hluti. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni.
--------------------	--

Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur. Þvoið hendur, andlit og aðra líkamshluta, sem komast í snertingu við efnið, vandlega eftir notkun þess.  
Forðist snertingu við oxunarmiðla.

*Geymsla:* Geymið þar sem börn ná ekki til. Geymist í vel lokuðum umbúðum, varið gegn beinu sólarljósi og hita. Geymið ekki með oxunarmiðlum eða sýrum. Geymið ekki hjá matvælum eða öðrum neysluvörum, fóðri eða lyfjum.

## 8. Takmörkun váhrifa / persónuhlífar.

*Mengunarmörk skv. reglugerð 390/2009 ((MG) = meðalgildi fyrir 8 klst., (PG) = þakgildi):*

n-Bútan:	(MG)	500 ppm	1200 mg/m <sup>3</sup>
Própan:	(MG)	1000 ppm	1800 mg/m <sup>3</sup>
Aseton:	(MG)	250 ppm	600 mg/m <sup>3</sup>
Olíuþoka, (olíuúði):	(MG)		1 mg/m <sup>3</sup>
2-Própanól:	(MG)	200 ppm	490 mg/m <sup>3</sup>
2-metoxý-1-metýletýlasetat:	(MG)	50 ppm	275 mg/m <sup>3</sup>
	(PG)	150 ppm	550 mg/m <sup>3</sup>

*Tæknilegar aðgerðir:* Notið góða almenna loftræstingu og/eða frásog til að halda loftmengun á undir mengunarmörkum. Tryggið að súrefni sé nægilegt og forðist að vera á stað þar sem súrefnisskortur gæti myndast.

*Persónuhlífar;*

*Öndunartæki:* Notið viðeigandi öndunartæki ef loftræsting er ófullnægjandi. Val á öndunartækjum þarf að miða við gerð mengunarefna og hættu af þeim, þekktan eða áætlaðan styrk þeirra og mengunarmörk. Veljið öndunartæki í samráði við fagaðila.

*Fyrir augu:* Hlífðargleraugu með óbeinni loftræstingu.

*Fyrir hendur:* Hlífðarhanskar úr neopren. Við val á hlífðarhönskum við vinnu þarf að taka mið af efnar og öðrum aðstæðum sem þeir komast í snertingu við, t.d. snertitíma og tíðni, núningi, hita ofl. Veljið hlífðarhanska í samráði við söluaðila þeirra m.t.t. efnis, aðstæðna og endingartíma.

*Fyrir húð:* Viðeigandi hlífðarfatnaður.

*Hreinlæti við vinnu:* Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðferð efna. Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur. Þvoið hendur, andlit og aðra líkamshluta, sem komast í snertingu við efnið, vandlega eftir notkun efnisins. Þvoið mengaðan hlífðarfatnað og skó áður en þeir eru notaðir aftur.

*Umhverfið:* Hindrið að efnið berist í niðurföll eða vatn í umhverfinu.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

<i>Ástand / útlit / lykt:</i>	Vökvi í þrýstihylki / tær / sæt leysiefnalykt
<i>Sýrustig (pH):</i>	-
<i>Suðumark:</i>	-
<i>Bræðslumark:</i>	-
<i>Blossamark:</i>	-72°C (blossamark drifefna)
<i>Sprengimörk; neðri - efri:</i>	-
<i>Gufuþrýstingur:</i>	-
<i>Gufuþéttni:</i>	-
<i>Uppgufunarhraði:</i>	-
<i>Rokgjörn lífræn efni (VOC):</i>	59,62% (810,68 g/l án vatns og leysiefna)

<i>Seigja:</i>	-
<i>Eðlisþyngd:</i>	0,812 g/ml
<i>Leysni:</i>	Lítill leysni í vatni (< 10%)
<i>Deilistuðull, n-oktanól/vatn:</i>	-

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

<i>Stöðugleiki, hvarfgirni:</i>	Efnið er stöðugt og hættuleg fjölliðun á sér ekki stað.
<i>Aðstæður sem skal forðast:</i>	Hiti yfir 50°C, opinn eldur og neistagjafar.
<i>Efni sem skal varast:</i>	Sterkir oxunarmiðlar, sterkar sýrur.
<i>Hættuleg niðurbrotsefni:</i>	Við bruna geta myndast kolvetni, COx.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.

<i>Helstu áhrifaleiðir:</i>	Húð, innöndun.
<i>Áhrif við innöndun:</i>	Visvitandi innöndun getur valdið varanlegum skaða eða dauða. Getur valdið ertingu með hósta, hnerra, nefrennsli, höfuðverk, hæsi og særindum í nefi og hálsi. Innöndun gufu eða úða í eitt skipti yfir mengunarmörkum getur mögulega valdið hjartsláttartruflunum, máttleysi og verk fyrir brjósti og getur leitt til dauða.
<i>Í snertingu við húð:</i>	Getur valdið minniháttar ertingu með roða, bólgu og kláða.
<i>Í snertingu við augu:</i>	Ertandi. Getur valdið alvarlegri ertingu. Einkenni geta verið roði, bólga, verkir, tárarennslí, ský á hornhimnu og skert sjón.
<i>Við inntöku:</i>	Getur valdið kviðverkjum, ógleði, uppköstum og niðurgangi.
<i>Bráð eiturhrif:</i>	-
<i>Áhrif á miðtaugakerfi:</i>	Innihaldsefni geta borist í líkamann við innöndun og við inntöku og valdið miðtaugakerfisbælingu. Einkenni geta verið höfuðverkur, svimi, slen, skert samhæfing hreyfinga, ógleði, hægari viðbrögð, þvoglulegt tal, kæruleysi og meðvitundarleysi.
<i>Langtímaáhrif:</i>	-

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar.

<i>Dreifing/afdrif:</i>	Upplýsingar um vöruna liggja ekki fyrir.
<i>Líffræðileg áhrif:</i>	-
<i>Bráðvirkni/lífniðurbrot:</i>	-
<i>Uppsöfnun í lífverum:</i>	-
<i>Önnur skaðleg áhrif:</i>	-
<i>PBT/vPvB:</i>	-

## 13. Förgun.

<i>Förgun vörunnar:</i>	Fargið úrgangi og leifum á öruggann hátt og í samræmi við innlendar og alþjóðlegar kröfur.
-------------------------	--

Úrgangsflokkun: -  
 Förgun umbúða: Fargið umbúðum á sambærilegan hátt og vörunni sjálfri.  
 Reglur um meðferð og flokkun úrgangs: Reglugerð 184/2002, reglug. 738/2003.

#### 14. Flutningur.

<i>Flutningur á landi:</i>	ADR flokkur:	2.1	Flokkunarkóði:	-
	SÞ-númer:	1950	Pökkunarflokkur:	-
	Hættunúmer:	-	Magntakmörkun:	-
	Varúðarmerki:	-	Gangakóði:	-
	Nafn efnis:	Aerosols		
<i>Flutningur á sjó:</i>	IMDG flokkur:	2.1	Pökkunarflokkur:	-
	SÞ númer:	-	EmS:	-
	Varúðarmerki:	1950	Sjávarmengandi:	-
	Nafn efnis:	Aerosols		
<i>Flutningur í lofti:</i>	IATA flokkur:	2.1	Pökkunarflokkur:	-
	SÞ númer:	1950	Magntakmörkun:	-
	Varúðarmerki:	-		
	Nafn efnis:	Aerosols		

*Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.*

#### 15. Umbúðamerkingar og upplýsingar um reglur sem varða notkun efnisins eða vörunnar.

***Flokkun og umbúðamerkingar skv. rg. 236/1990 og 750/2008 (REACH):***

Sjá kafla 2.

***Flokkun og umbúðamerkingar skv. rg. (EB) 1272/2008 (CLP):***

Sjá kafla 2.

*Takmarkanir á notkun:* -

*Efnaöryggisskýrsla:* -

***Athugið: Umbúðamerkingar skulu vera skv. rg. (EB) 1272/2008 (CLP) eða rg. 236/1990 og 750/2008 (REACH).***

#### 16. Aðrar upplýsingar.

*Gert þann:* 04.09.2013 *Dagsetning frumrits:* 11.10.2011

*Útgáfa:* 1,0 *Breyttir liðir:* -

*Gert fyrir:* MÁLNINGARVÖRUR ehf., Lágmúla 9, 108 Reykjavík, sími 581 4200  
[www.malningarvorur.is](http://www.malningarvorur.is)

*Unnið af:* EFNAVERND ehf., Reykjavík, sími 588 8130, <http://efnavernd.is> / FF

*Texti hættusetninga sem fram koma í liðum 3 og 2:*

H10 Eldfimt.  
 H11 Mjög eldfimt.  
 H12 Afar eldfimt.

- H36 Ertir augu.
- H65 Hættulegt; getur valdið lungnaskaða við inntöku.
- H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
- H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

*Annað:* Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á eiginleikum vörunnar eða afleiddum afleiðingum af notkun hennar. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda þar sem hún er utan áhrifasviðs framleiðanda.

Þetta öryggisblað er unnið eftir MSDS frá MEGUIARS UK Ltd., Northants, NN11 8UF, UK.